

# STJÓRNARTÍÐINDI A 10 — 1983

28. apríl 1983

81

Nr. 51

## LÖG

### um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 3. gr. laga nr. 6 7. mars 1983 um breyting á lögum nr. 4 1. febrúar 1980 og lögum nr. 29 3. maí 1982, um breyting á lögum nr. 80 16. september 1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, hef látið fella ákvæði þeirra laga, svo og ákvæði laga nr. 27 17. maí 1976, nr. 5 12. mars 1979, nr. 13 10. apríl 1979, nr. 4 1. febrúar 1980, nr. 101 29. desember 1980 og laga nr. 29 3. maí 1982, um breyting á lögum nr. 80 16. september 1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, inn í meginmál laga nr. 80 16. september 1971, og gef þau út svo breytt:

#### I. KAFLI

##### Um aflatryggingar.

###### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

###### 2. gr.

Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir: Almenna deild, áhafnadeild og verðjöfnunardeild.

###### 3. gr.

Hlutverk almennu deildar sjóðsins er að bæta aflahluti skips og áhafnar, þegar almennan aflabrest ber að höndum, eða þegar brýna nauðsyn ber til að draga úr sókn til verndar mikilvægum nytjastofnum.

Réttindi í hinni almennu deild sjóðsins eiga öll fiskiskip án tillits til stærðar, enda sé greitt af endanlegu afurðunum úr aflanum útflutningsgjald.

###### 4. gr.

Með reglugerð, er sjóðstjórnin semur og samþykkt hefur verið af stjórnnum eftirfarandi aðila: Alþýðusambands Íslands, Félags íslenskra botnvörpuskipaeigenda, Fiskifélags Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna og Sjómannasambands Íslands, og staðfest af ráðherra, skal ákveða: 1. Bótatímabil, er miðist við vertíðarskipti á hverju bótasvæði. Stundi skip ekki veiðar með edlilegum hætti, þar með talin stærð áhafnar, lengd úthaldstímabils og veiðiútbúnaður, breytist bótaréttur hlutfallslega. 2. Skipting veiðisvæða og verstöðva í flokka, þannig að í sama flokki séu þau veiðisvæði og þær verstöðvar, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama meðalveiðimagni á hverri vertíð, hvort heldur um er að ræða síldveiði eða þorskveiði. 3. Skipting veiðiskipa í flokka, þannig að í sama flokki séu skip, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama meðalveiðimagni, með tilliti til stærðar, veiðibúnaðar o. fl. 4. Meðalveiðimagn skipa í hverjum flokki fyrir sig, eftir því á hvaða svæði skipin veiða, hvaða tíma árs þau veiða og hvaða veiði þau stunda. Meðalveiðimagn þetta skal fundið með hliðsjón af aflamöguleikum og kauptryggingu á hinum ýmsu veiðum. Meðalveiðimagn, sem þannig er ákveðið fyrir hvern flokk skipa, skal gilda sem meðalveiðimagn, er reikna skal út bótageiðslu úr sjóðnum þar til sömu aðilar hafa á sama hátt ákveðið annað. Verði ágreiningur um einstök ákvæði reglugerðarinnar sker ráðherra úr. 5. Við ákvörðun

meðalveiðimagns, sem bætur miðast við er heimilt að taka sérstakt tillit til sóknartakmarkana, sem stjórnvöld ákveða, og til langvarandi aflaleysis á einstökum svæðum vegna breytinga á fiskgengd og veiðisókn við landið, þannig að meðalveiðimagn miðist við aflabrögð, þegar sókn og ástand fiskistofna er með eðlilegum hætti. Leita skal álits Hafrannsóknastofnunar um þetta atriði. Verði ágreiningur um einstök atriði reglugerðarinnar sker sjávarútvegsráðherra úr.

Ef umsagnir ofangreindra aðila berast ekki innan þess frests, sem tiltekinn er í reglugerð, sem sett verður samkvæmt lögum þessum, skal heimilt að líta svo á, að tillögurnar séu samþykktar.

#### 5. gr.

Útgerðarmanni er skylt að senda sjóðsstjórninni, eða trúnaðarmanni hennar á hlutaðeigandi bótasvæði, skýrslu um útgerð og aflabrögð veiðiskips síns á bótatímabilinu í því formi, er stjórnin ákveður. Berist skýrslur eigi innan árs frá lokum viðkomandi vertíðar eða tryggingartímabils, fellur bótaréttur niður. Jafnframt er stjórninni heimilt að krefjast annarra gagna um útgerð skips, sem hún telur nauðsynleg.

Vanræksla á skýrslugerð varðar missi bótaréttar.

#### 6. gr.

Það telst almennur aflabrestur, ef meðalafli skipa í einhverjum flokki hinnar almennu deildar bátaflotans er minni en 75% eða í hinni almennu deild togaraflotans minni en 85% af hinu ákveðna meðalveiðimagni samkvæmt 4. gr. Þó skal sjóðsstjórninni heimilt, ef sérstakar ástæður liggja til þess, að ákveða fyrir hina almennu deild bátaflotans, að þessi hundradstala skuli vera 80 fyrir haustvertíð.

#### 7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa sjö menn. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til 4 ára í senn á þann hátt, sem hér segir: Einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, annar samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, þriðji samkvæmt tilnefningu Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, fjórði og fimmti samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna, sjötti samkvæmt tilnefningu Sjómannasambands Íslands og sjöundi er fiskimálastjóri, og er hann formaður stjórnarinnar.

Ennfremur skipar ráðherra tvo endurskoðendur.

Í störfum sínum er stjórn sjóðsins heimilt, þegar hún telur þess þörf, að kveðja sér til ráðuneytis sérstakan fulltrúa frá eftirgreindum landssvæðum: 1. Suðurland, 2. Vestmannaeyjar, 3. Faxaflói og Breiðafjörður, 4. Vestfirðir, 5. Norðurland, 6. Austfirðir.

Þegar sjóðsstjórn fjallar um mál, sem varða grásleppuveiðar, skal hún kveðja til tvo fulltrúa frá samtökum grásleppuhrognaframleiðenda, er hafi málfrelsi og tillögurétt varðandi þær veiðar. Telji fulltrúar samtakanna afgreiðslu sjóðsstjórnar orka tvímælis, er þeim heimilt að skjóta henni til sjávarútvegsráðuneytisins, sem fellir úrskurð um ágreiningsefnið.

Ráðherra ákveður þóknun sjóðsstjórnarinnar og endurskoðenda, en sjóðsstjórnin ákveður eða semur um þóknun og ferðakostnað tilkvaddra fulltrúa samkvæmt 3. mgr.

Fiskifélag Íslands annast afgreiðslu sjóðsins undir eftirliti sjóðsstjórnarinnar og yfirstjórn ráðherra. Stjórnar- og afgreiðslukostnaður greiðist af fé sjóðsins, og skiptist hann á deildir í réttu hlutfalli við tekjur þeirra seinasta reikningsár.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

#### 8. gr.

Stofnfé hinnar almennu deildar bátaflotans eru eignir síldveiðideildar og hinnar almennu deildar togaraflotans við gildistöku laga þessara.

Stofnfé hinnar almennu deildar togaraflotans eru kr. 20 000 000,00 sem ríkissjóður greiði með jöfnum, árlegum greiðslum á næstu 8 árum eftir árslok 1969.

## 9. gr.

Árlegar tekjur sjóðsins eru: 1. Tekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum. 2. Framlag ríkissjóðs til almennu deildar sjóðsins nemi 40% af tekjum hennar skv. 1. tl. 1. mgr. þessarar greinar. 3. Vextir og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.

Ríkissjóður sér um innheimtu tekna samkvæmt 1. tölulið 1. mgr.

## 10. gr.

Nú hefur almennur aflabrestur orðið á einhverju bótasvæði, svo að til sjóðsins kasta kemur um batur, og skal þá hvert skip, sem aflar 45% eða minna af meðalveiðimagni skipa þess flokks á viðkomandi bótasvæði, fá bætt 40% af því, sem vantar á það veiðimagn, og síðan, með vaxandi afla, lækkandi hundradshluta bóta. Þó aldrei meira en samsvarar því, að 67% vanti á meðalveiðimagnið, samkvæmt eftirfarandi reglu:

Skip, sem aflar 45% af meðalafla, fær 40% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 46% af meðalafla, fær 39% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 47% af meðalafla, fær 38% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 48% af meðalafla, fær 37% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 49% af meðalafla, fær 36% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 50% af meðalafla, fær 35% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 51% af meðalafla, fær 34% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 52% af meðalafla, fær 33% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 53% af meðalafla, fær 32% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 54% af meðalafla, fær 31% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 55% af meðalafla, fær 30% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 56% af meðalafla, fær 29% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 57% af meðalafla, fær 28% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 58% af meðalafla, fær 27% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 59% af meðalafla, fær 26% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 60% af meðalafla, fær 25% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 61% af meðalafla, fær 24% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 62% af meðalafla, fær 23% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 63% af meðalafla, fær 22% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 64% af meðalafla, fær 21% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 65% af meðalafla, fær 20% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 66% af meðalafla, fær 19% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 67% af meðalafla, fær 18% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 68% af meðalafla, fær 17% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 69% af meðalafla, fær 16% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 70% af meðalafla, fær 15% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 71% af meðalafla, fær 14% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 72% af meðalafla, fær 13% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 73% af meðalafla, fær 12% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 74% af meðalafla, fær 11% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 75% af meðalafla, fær 10% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 76% af meðalafla, fær 9% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 77% af meðalafla, fær 8% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 78% af meðalafla, fær 7% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 79% af meðalafla, fær 6% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 80% af meðalafla, fær 5% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 81% af meðalafla, fær 4% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 82% af meðalafla, fær 3% batur af því, sem á vantar meðaltal.  
 Skip, sem aflar 83% af meðalafla, fær 2% batur af því, sem á vantar meðaltal.

Skip, sem aflar 84% af meðalafla, fær 1% bætur af því, sem á vantar meðaltal.

Skip, sem aflar 85% af meðalafla, fær 0% bætur af því, sem á vantar meðaltal.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, sem bæturnar eru greiddar fyrir, svo og að setja um þetta nánari reglur með samþykki sjávarútvegsráðuneytisins.

Hrökkvi fé sjóðsins ekki til úthlutunar samkvæmt ofanskráðu skal úthlutun lækkuð hlutfallslega. Óheimilt er að greiða bætur, fyrr en bótatímabili er lokið og skýr mynd er fengin af afkomu viðkomandi flokks skipa.

Stjórn sjóðsins er heimilt að greiða bætur til báta, sem hafa þurft að hætta veiðum eða hafa ekki getað hafið veiðar á tilteknu veiðisvæði, sem hefur verið friðað um tiltekinn tíma vegna hrygningar nytjafiska eða hættu á seiddarápi. Sjóðsstjórnin skal hafa hliðsjón af því hvort friðunin hafi verið ákveðin fyrirvaralaust eða fyrirvaralítið, þannig að eigendur viðkomandi báta hafi ekki getað gert ráðstafanir til veiða með sömu eða öðrum veiðarfærum á öðrum veiðisvæðum með svipuðum árangri og vænta hefði mátt á hinu friðaða svæði. Greiðslur bóta skulu í meginatriðum við það miðaðar að útgerðarmaður sleppi skaðlaus af greiðslu kauptryggingar.

#### 11. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt með samþykki ríkisstjórnarinnar að taka lán allt að 60 millj. kr. handa sjóðnum eða einstökum deildum hans. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán þessi.

#### 12. gr.

Ef skip veiða minna en 33% af meðalveiðimagni viðkomandi flokks, skal sjóðsstjórnin rannsaka sérstaklega, hvernig á slíku aflaleyssi stendur. Ef þá kemur í ljós, að vanræksla eða óstjórn á útgerðinni á verulegan þátt í aflaleyfinu, er sjóðsstjórninni heimilt að draga úr þeim bótum, sem viðkomandi skipum bæri skv. hinni almennu reglu 10. greinar, eða fella bæturnar alveg niður, ef um mikla vanrækslu er að ræða. Skip, sem stundað hafa veiðar 1/3 bótatímabilsins eða skemur, koma ekki til greina við bótaútreikning.

Það er skilyrði fyrir bótum úr sjóðnum, að eigandi grásleppubáts framvísi vottorði Siglingamálastofnunar um að fullnægt sé reglum um öryggi skips og búnaðar, sé báturinn minni en 6 metrar á lengd.

#### 13. gr.

Nú fær útgerðarmaður fé úr sjóðnum, og getur stjórn hans þá krafist þeirrar tryggingar af útgerðarmanninum, sem henni þykir þörf, fyrir því, að fénu verði varið til greiðslu á eftirtöldum gjaldaliðum í þeirri röð, sem hér er talið: Kaup og fæði skipverja, váttryggingargjöld og önnur hliðstæð gjöld, eftir því sem greiðslur hrökkva til hverju sinni.

#### 14. gr.

Peir, sem fá bætur samkvæmt lögum þessum, eru skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga um rekstur skipa þeirra, sem bætur eru miðaðar við, í því formi sem reikningaskrifstofan ákveður.

## II. KAFLI

### Um greiðslur fæðiskostnaðar bátasjómana.

#### 15. gr.

Við Aflatryggingasjóð skal starfa sérstök deild, áhafnadeild, sem greiði hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskiskipum, öðrum en togurum yfir 500 brúttórumlestir að stærð. Rétt til greiðslna úr áhafnadeild eiga ennfremur:

- a) Hlutaráðnir landmenn á línubátum, sem lögskráð er á.
- b) Skipverjar á fiskibátum með þilfari, sem eigi lúta lögskráningarskyldu. Skilyrði fyrir greiðslu er, að þessir bátar séu gerðir út með eðlilegum hætti til fiskveiða, annarra en

grásleppuveiða, eigi skemmri tíma en fjóra mánuði á ári, og að eigendur þeirra tryggi áhafnir sínar sömu slysatryggingum, svo og líf- og örorkutryggingum, sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

- c) Skipverjar á opnum vélbátum. Skilyrði fyrir greiðslu, er að þessir bátar séu gerðir út með eðlilegum hætti til fiskveiða, annarra en grásleppuveiða, eigi skemmri tíma en þrjá mánuði á ári, að bátarnir séu skráðir (nafn og umdæmisnúmer) og að eigendur þeirra fullnægi að öðru leyti sömu skilyrðum og tilgreind eru í b-lið. Ennfremur skulu eigendur þeirra framvísa vottorði Siglingamálastofnunar ríkisins um, að fullnægt sé reglum um öryggisbúnað.

Fæðisgreiðslur á þessum bátum séu greiddar á tímabilinu 1. maí til 30. september ár hvert fyrir hvern áhafnarmeðlim á hvern úthaldsdag.

#### 16. gr.

Árlegar tekjur áhafnadeildarinnar eru af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum.

#### 17. gr.

Áhafnadeild skal greiða til viðkomandi útvegsmanna hluta sjómanna af fæðiskostnaði samkvæmt 15. gr. og standi þeir skil á honum til sjómanna.

Með reglugerð skal setja ákvæði um upphæð fæðisgreiðslna eftir sérstakri flokkun fiskiskipa, sem þar verður ákveðin.

Leita skal umsagnar þeirra aðila, sem tilnefna fulltrúa í stjórn Aflatryggingasjóðs, svo og Fiskifélags Íslands, um reglugerðina, áður en hún verður gefin út. Ákvæði reglugerðarinnar skulu gilda frá 1. júní 1980.

Fjárhæðir þær, sem verða ákveðnar með reglugerðinni, skulu breytast með breytingum á matvörulíð framfærsluvísitölu.

#### 18. gr.

Greiðslur úr áhafnadeild Aflatryggingasjóðs skulu inntar af hendi eigi síðar en einum mánuði eftir lok hvers kauptryggingartímabils, eins og þau eru ákveðin í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

#### 19. gr.

Við ákvörðun úthaldsdagafjölda og áhafnarstærðar skal Aflatryggingasjóður styðjast við úthaldsskýrslur Fiskifélags Íslands og upplýsingar lögskráningarstjóra. Hafi fullnægjandi upplýsingar um úthald einhvers báts ekki borist Fiskifélagi Íslands, að mati Aflatryggingasjóðs, skal heimilt að fresta greiðslum úr áhafnadeild vegna áhafnar hans, þar til útvegsmaður hefur ráðið bót á þessu.

Á bátum, sem eigi hafa lögskráningarskyldu, skal trúnaðarmaður Fiskifélags Íslands staðfesta úthaldsdagafjölda og áhafnarstærð.

#### 20. gr.

Ákvæði þessa kafla taka til útflutnings sjávarafurða og úthalds fiskibáta frá og með 19. febrúar 1969.

Með tilvísun til bráðabirgðalaga nr. 74/1970 gildir 16. gr. þó frá 1. júní 1970.

### III. KAFLI

#### Verðjöfnunardeild.

#### 21. gr.

Við aflatryggingasjóð skal starfa sérstök deild, verðjöfnunardeild, sem greiðir verðupp-  
bætur á afla einstakra fisktegunda samkvæmt ákvæðum þessa kafla í því skyni að draga úr  
sókn í einstaka fiskistofna og beina henni til annarra, sem fremur eru taldir þola veiðar.

## 22. gr.

Tekjur verðjöfnunardeildar skulu vera:

1. Tekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum.
2. Vextir og aðrar tekjur af eignum verðjöfnunardeildar.

## 23. gr.

Verðlagsráð sjávarútvegsins eða yfirnefnd þess skal fyrir upphaf hvers verðtímabils gera tillögur um fjárhæð verðuppbóta á einstakar fisktegundir að fengnu álití Hafrannsóknastofnunar á ástandi nytjastofna og aflahorfum. Skal fjárhæðin ákveðin innan þeirra marka sem eignir og tekjur verðjöfnunardeildar hrökkva til. Sjávarútvegsráðherra staðfestir ákvarðanir verðlagsráðs sjávarútvegsins eða yfirnefndar þess um verðuppbætur. Verðuppbætur skv. lögum þessum skulu koma til skipta og aflaverðlauna eins og annað fiskverð.

## 24. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa kafla og starfsemi verðjöfnunardeildar. Deildin hefur sjálfstæðan fjárhag.

## IV. KAFLI

**Almenn ákvæði.**

## 25. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Þar á meðal sérstaka reglugerð um skiptingu bótasvæða fyrir grásleppuveidar.

## 26. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt með samþykki sjávarútvegsráðuneytisins og samkvæmt reglum, sem það setur, að greiða úr áhafnadeild til togara, sem eru 500 brúttórumlestir eða stærri, framlag, sem nemur þeirri fjárhæð, sem ætla má að renni til hennar af útflutningsafurðum þessara togara.

Ennfremur er stjórn sjóðsins heimilt með samþykki ráðuneytisins og samkvæmt reglum, sem það setur, að endurgreiða  $\frac{2}{3}$  hluta prósentugjalda af útflutningi til Aflatryggingasjóðs og áhafnadeildar, þegar um er að ræða niðursoðnar og niðurlagðar sjávarafurðir.

## 27. gr.

Eignir almennu deilda bátaflotans og togaraflotans svo og jöfnunardeildar Aflatryggingasjóðs, sem starfað hafa samkvæmt lögum nr. 80 16. september 1971, skulu renna til almennu deildar sjóðsins.

*Gjört í Reykjavík, 28. apríl 1983.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Steingrímur Hermannsson.*